



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Númer: 9/2018

Dreifibréf til greiðsluþjónustuveitenda

15. febrúar 2018

Tilvísun: 2018020015

Efni: Kynning á viðmiðunarreglum EBA varðandi öryggi netgreiðslna.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út nokkurn fjölda viðmiðunarreglna (e. *guidelines*) sem varða starfsemi fjármálafyrirtækja og annarra greiðsluþjónustuveitenda, m.a. viðmiðunarreglur varðandi öryggi netgreiðslna. Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipunar sem innleidd hefur verið hér á landi með setningu laga um greiðsluþjónustu nr. 120/2011.

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 um að koma á fót Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EBA varðandi öryggi netgreiðslna, auk annarra viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna, munu í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Þessar upplýsingar er að finna á eftirfarandi slóð á heimasíðu FME: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/ees-vidmidunarreglur/>. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA í eftirlitsframkvæmd auk þess sem Fjármálaeftirlitið mun reglulega annast kynningar á efni viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna.

Viðmiðunarreglur EBA um öryggi netgreiðslna útfæra nánar þær kröfur sem gerðar eru til áhættustýringar hjá greiðsluþjónustuveitendum, vegna þeirrar starfsemi sem fellur undir lög um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011. Við mat á innra eftirlitskerfi og áhættustýringu greiðsluþjónustuveitenda, þ.e. greiðslustofnana sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 120/2011, og fjármálafyrirtækja sem sinna greiðsluþjónustu, sbr. 17. og 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið beinir því til greiðsluþjónustuveitenda að kynna sér viðmiðunarreglur EBA á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

niðurstöðu að um brot á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þann 8. mars nk. kl. 9.00 fer fram kynning á viðmiðunarreglum EBA um öryggi netgreiðslna. Kynningin fer fram í húsakynnum Fjármálaeftirlitsins að Katrínartúni 2, 3. hæð. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

<http://www.eba.europa.eu/documents/10180/934179/EBA-GL-2014-12+%28Guidelines+on+the+security+of+internet+payments%29.pdf/f27bf266-580a-4ad0-aaec-59ce52286af0>.

Á kynningunni verður jafnframt fjallað um tengsl viðmiðunarreglnanna við innleiðingu á PSD2 tilskipuninni, tilskipun (ESB) 2015/2366, með hliðsjón af álitum EBA á hlutverki viðmiðunarreglnanna á meðan aðlögunartímabil (e. transition period) vegna tilskipunarinnar stendur yfir.

Áhugasamir skrái sig á kynninguna með því að senda tölvupóst með fjölda þátttakenda og nöfnum þeirra á fme(a)fme.is, með efninu: „Viðmiðunarreglur EBA varðandi öryggi netgreiðslna“.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsd.
Haldóra E. Ólafsdóttir

Helena Pálsd.
Helena Pálsdóttir